



Atvinnuleysi enn á leið niður á við – en hvað með áhrif kjarasamninga?

Atvinnuleysi hefur minnkað stöðugt

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi var það óbreytt fyrstu 3 mánuði ársins eða 3,6%. Á sömu mánuðum í fyrra var atvinnuleysið 4,5%, en fór svo minnkandi á næstu mánuðum þar á eftir. Niðurstöður úrtakskönnunar Hagstofunnar sýndu 4% atvinnuleysi í mars, en samsvarandi tala í mars í fyrra var 6,1%. Atvinnuleysi er því greinilega á niðurleið. Hlaupandi 12 mánaða meðaltal sýnir líka sterkt lækkandi leitni.

Niðurstöður mælinga Hagstofunnar á vinnumarkaðstærðum fyrir mars 2014 og 2015 sýna allar jákvæða þróun. Heildarfjöldi fólks á vinnumarkaði jókst um 6.900 (+2,1%) milli ára. Starfandi fólki fjölgaði um 10.400 og hlutfall starfandi af mannaflanum hækkaði um 3,6 prósentustig. Atvinnulausum fækkaði um 3.500 manns og atvinnuleysishlutfallið lækkaði um 2,1 prósentustig. Fólki utan vinnumarkaðar fækkaði um 4.300 manns. Atvinnuþátttaka var 82% og jókst um rúm 2% frá því á síðasta ári. 12 mánaða hlaupandi meðaltal atvinnuþátttöku hefur ekki verið hærra síðan á vormánuðum 2009.


Nú um áramótin var bótatímabil stytt úr þremur árum niður í tvö og hálf. Sú breyting hefur haft einhver áhrif á skráð atvinnuleysi, t.d. hefur langtímaatvinnulausum fækkað á atvinnuleysisskrá.

Skráð atvinnuleysi meðal kvenna er tæpu prósentustigi hærra en hjá körlum og þá er atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu meira en á landsbyggðinni, en sá munur hefur farið minnkandi.

Vinnutími nokkuð stöðugur


Meðalfjöldi vinnustunda samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur verið nokkuð stöðugur í langan tíma sé litið á 12 mánaða meðaltal, en mikil sveifla er í einstökum mælingum innan ársins. Jákvæða þróun á vinnumarkaði má því að mestu leyti rekja til aukningar á fjölda starfandi fólks.

Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnuálastofnunar




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun, Hagfræðideild

Atvinnuleysi - mælingar Hagstofu og Vinnuálastofnunar



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun, Hagfræðideild

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




Áhrif niðurstöðu kjarasamninga

Yfirleitt einskorðast umræður um áhrif kjarasamninga á efnahagslífið við verðbólguáhrif. Í því sambandi er gjarnan rætt um áhrif á verðtryggðar skuldir heimila og fyrirtækja og aukna greiðslubyrði. Þessi einhliða skoðun á áhrifum kjarasamninga helgast væntanlega af því að við Íslendingar höfum búið í verðbólguhagkerfi í langan tíma. Á árum áður var mikil hefð fyrir því að vísa launahækkunum vegna kjarasamninga beint út í verðlagið, aðallega með lækkun gengis en einnig með beinum hækkunum framleiðsluverðs.

Stöðugleiki hefur aukist mikið í íslenska hagkerfinu á undanförunum misserum og verðbólga verið lág um nokkurt skeið, reyndar í skjóli hafta.

Kjarasamningarnir frá upphafi ársins 2014 hafa átt stóran þátt í því hve verðbólga hefur verið lítil.

Það má slá því föstu að þær launahækkningar sem rætt er um nú séu mun meiri en aukning framleiðni geti staðið undir. Miðað við óbreytta arðsemi verða fyrirtæki í þeirri stöðu annaðhvort að hækka verð á vörum sínum eða draga úr launakostnaði, t.d. með því að hægja á nýráðningum eða grípa til uppsagna. Sé staðan á markaði sú að erfitt sé að hækka vöruverð með beinum hætti liggur beinast við að reyna að draga úr launakostnaði. Augljós afleiðing mikilla launahækkana eru miklar vaxtahækkningar sem einnig gera rekstrarstöðu fyrirtækjanna erfiðari. Fyrirtækin munu því bregðast við hærri kostnaði vegna launa og vaxta með því að draga úr vinnuafslnotkun og fjárfestingum sem hvort tveggja leiðir til minni innlendar eftirspurnar og aukins atvinnuleysis.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.